

Dómsorð:

Ákærðu, Helgi Trausti Hjartarson og Ingveldur Ólafsdóttir, greiði, hvort um sig, 25.000.00 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing hvorrar sektar skal vera varðhald í 150 daga, verði sektirnar eigi greiddar innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Einars Ásmundssonar hrl, kr. 5000.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. september 1957.

Nr. 147/1957. Jón E. Waage

og

Þórunn Waage

gegn

Kristjáni Guðlaugssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Theodór B. Línal.

Synjun frests.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. þ. m., er barst dóminum hinn 16. s. m. Frá þeim hafa hins vegar eigi borizt kröfur né greinargerð, en ætla verður, að þeir hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá hann felldan úr gildi.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 5. september 1957.

Gerðarbeiðendur, Jón E. Waage og Þórunn Waage, hafa krafizt þess, að þeim verði með beinni fógetagerð afhentar kr. 31.205.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1956 til greiðsludags svo og kr. 5000.00 í málskostnað, en þau skýra svo frá, að gerðarþoli, Kristján Guðlaugsson hrl. hér í bæ, haldi upphæðum þessum fyrir þeim. Er hér um að ræða dómsupphæð í málinu Kristján Guðlaugsson f. h. eigenda Stóru-Voga gegn Metcalfe-Hamilton-Smith-Beck Cos, sem rekið var og dæmt í aukadómi Keflavíkurflugvallar sem málið nr. 7/1956. Gerðarbeiðendur krefjast þess, að gerðarþola, Kristjáni Guðlaugssyni, verði gert að greiða sér málskostnað í fógetamáli þessu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu fógetagerðar og krafizt málskostnaðar sér til handa.

Meðalgönguaðilinn, Stefán Runólfsson, Gunnarsbraut 34, hefur krafizt þess aðallega, að gerðarþola verði gert að afhenda sér alla hina umdeildu fjárhæð ásamt áföllnum vöxtum, en til vara, að honum verði gert að afhenda sér 56,25% upphæðarinnar. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðenda in solidum.

Meðalgönguaðiljarnir Jón Benediktsson, Sveinn Pálsson, Guðlaugur Aðalsteinsson og Óskar Eyjólfsson hafa krafizt þess, aðallega, að þeim verði afhent öll hin umdeilda upphæð úr hendi gerðarþola, en til vara, að þeim verði afhentar 2135/4880 hluti hennar. Þeir krefjast þess, að gerðarbeiðendum verði in solidum gert að greiða sér málskostnað.

Í réttarhaldi hinn 29. ágúst s.l. lýsti umboðsmaður gerðarbeiðenda, Páll S. Pálsson hrl., því yfir, að hann myndi óska rannsóknar sakadómarans í Reykjavík á meðferð gerðarþola, Kristjáns Guðlaugssonar, á hinni umdeildu fjárhæð, og krafðist hann þess, að málinu yrði frestað, meðan á þeirri rannsókn og málsmeðferð stæði. Umboðsmenn meðalgönguaðiljanna, Jón Magnússon hdl. og Gunnar A. Pálsson hrl., mótmæltu því, að máli þessu yrði frestað af þessum sökum, og lýstu því yfir, að þeir teldu gagnaöflun lokið af sinni hálfu. Þar sem ekki náðist samkomulag um atriði þetta, var það tekið til úrskurðar.

Eftir því sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir:

Samkvæmt veðbókarvottorði á rskj. 3 eru þau Jón E. Waage og Þórunn Waage eigendur jarðarinnar Stóru-Voga í Vatnsleysustrandarhreppi í Gullbringusýslu. Fyrir liggur í máli þessu samningur Jóns E. Waage og Stefáns Runólfssonar, sem áður er á minnzt að framan, og leigir Jón Stefáni landspildu í landi Stóru-Voga

til sandtekju og að nokkru til grjótnáms. Samningur þessi var gerður til ákveðins tíma, en mun nú lokið.

Hinn 7. desember 1956 gekk dómur í máli því, er Kristján Guðlaugsson hrl. höfðaði fyrir aukarétti Keflavíkurflugvallar gegn Metcalfe-Hamilton-Smith-Beck Companies, og urðu málsúrslit þau, að stefndu var gert að greiða stefnanda kr. 31.205.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1956 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað. Mál þetta höfðaði Kristján Guðlaugsson f. h. eigenda Stóra-Voga, þeirra Sveins Pálssonar, Háabæ, Péturs Jónssonar, Nýja-bæ, Margrétar Helgadóttur, Tumakoti, Jóns G. Benediktssonar, Suðurkoti, svo og f. h. Stefáns Runólfssonar. Hefur Kristján Guðlaugsson hrl. veitt dómsfjárhæðinni viðtöku, er nú er í vörzlum hans.

Fyrir liggur í réttinum sem rskj. 6 bréf Lárusar Jóhannessonar hrl. til gerðarþola, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., dags. 11. júní 1956, og krefst Lárus þess f. h. Jóns E. og Þórunnar Waage, að það fé, sem Kristján hafi veitt móttöku samkvæmt framangreindum dómi, verði greitt sér sem umboðsmanni nefndra aðilja. Enn fremur hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 4 bréf Páls S. Pálssonar hrl. til Kristjáns, og krefst Páll þess, að sér verði afhent féð sem umboðsmanni Jóns E. og Þórunnar Waage.

Gerðarþoli hefur lagt fram greinargerð í máli þessu og heldur því fram, að Jón E. Waage sé ekki réttur aðili máls þessa. Beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu innsetningargerðar.

Í greinargerð meðalgönguáðiljans Stefáns Runólfssonar segir, að með úrskurði fúgetaréttar Hafnarfjarðar, uppkveðnum 5. ágúst 1954 og framlögðum í máli þessu sem rskj. nr. 12, hafi því verið slegið föstu, að hann hefði sandnám Stóru-Voga á leigu frá gerðarbeiðendum máls þessa. Sandsala sú, sem er grundvöllur máls þessa, hafi átt sér stað á þeim tíma, sem Stefán hafði ofangreint sandnám á leigu, og þannig beri honum öll sú fjárhæð, sem um sé deilt í máli þessu. Tekið er fram, að varakrafan byggist á því, að smábýlaeigendur Vogatorfunnar telji sig eiga hluta sandnáms Stóru-Voga, en um það sé ágreiningur.

Þá segir í greinargerð, sem fram hefur komið af hálfu annarra meðalgönguáðilja í máli þessu, að fjara sú, sem umrætt sandnám er í, sé í óskiptri sameign gerðarbeiðenda og meðalgönguáðiljanna, og er vísað til landskiptagerðar, sem fram hefur verið lögð í máli þessu um eignarhlutföll að fjörunni. Aðalkrafa þessara aðilja er á því byggð, að gerðarbeiðendur hafi selt svo mikinn sand úr námunni og tekið svo mikla leigu eftir það án þess að greiða meðalgönguáðiljunum réttmætan hluta þeirra, að þeir eigi tví-

mælalaust alla hina umdeildu fjárhæð. Varakrafan byggist aftur á móti því, að meðalgönguuaðiljarnir geti ekki átt minni hluta hinnar umdeildu fjárhæðar en svari til eignarhluta þeirra í sandnáminu í heild.

Í réttarhaldi í málinu hinn 29. ágúst s.l. lýsti umboðsmaður gerðarþola, Kristján Guðlaugsson hrl., því yfir, að Kristján hefði hina umdeildu fjárhæð í vörzlum sínum, en að hann hefði hana ekki á neinn hátt sérgreinda.

Réttinum hefur borizt samrit af bréfi Páls S. Pálssonar til saka-dómarans í Reykjavík, dags. 29. ágúst s.l. Er þess farið á leit, að sakadómariinn rannsaki meðferð og varðveizlu gerðarþola, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., á dómfé því, sem um er deilt í fógeta-máli þessu. Hefur Páll, eins og að framan segir, krafizt þess, að meðferð máls þessa verði frestað, meðan yfir standi meðferð saka-dómsrannsóknarinnar.

Í 117. gr. laga nr. 85/1936 segir, að dómari einkamáls geti frestað máli ex officio, ef hann fái grun um það, að refsivert at-hæfi hafi verið framið, sem opinbert mál hafi verið höfðað eða opinber rannsókn verið hafin út af, og telja megi, að úrslit þess máls eða rannsóknar skipti verulegu máli um úrslit einkamálsins. Er þá og gert ráð fyrir, að frestur þessi standi, þar til séð er fyrir enda opinbera málsins eða rannsóknarinnar.

Nú verður ekki séð, að í máli þessu hafi neitt það komið fram, sem grun veki um, að gerðarþoli, Kristján Guðlaugsson, hafi gerzt sekur um misferli, að því er varðar meðferð hans og varðveizlu hinnar umdeildu fjárhæðar. Þegar af þeirri ástæðu þykir ekki tilefni til að fresta meðferð fógeta máls þessa vegna ofan nefndrar sakadómsrannsóknar.

Því úrskurðast:

Frestkrafa umboðsmanns gerðarbeiðenda verður ekki tekin til greina.
